



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 23. mars 2019

Ákvörðun nr. 18/2019

Samruni Fastus ehf. og HealthCo ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi dags. 25. janúar 2019, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhuguð kaup Fastusar ehf. (hér eftir Fastus) á öllu hlutfé í HealthCo ehf. (hér eftir HealthCo). Tilkynningin var send á grundvelli 3. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga og reglna Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Meðfylgjandi tilkynningunni var samrunaskrá með upplýsingum um samrunann, í samræmi við 4. gr. reglna Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka I við þær.

Í samrunaskránni kemur fram að Fastus kaupi alla eignarhluti í HealthCo og um sé að ræða samruna samkvæmt b. lið 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framangreindur gerningur í sér samruna sem er tilkynningarskyldur í skilningi 17. gr. a. laganna. Með bréfi dags. 12. febrúar 2019 tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að í ljósi þess að fyrirvörum í kaupsamningi hefði verið aflétt teldist samrunatilkynningin fullnægjandi. Þann 28. febrúar 2019 tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 1. mgr. 17. gr. d. samkeppnislaga nr. 44/2005, með síðari breytingum.

Við meðferð málsins hefur Samkeppniseftirlitið óskað gagna og upplýsinga frá samrunaaðilum. Þá hefur Samkeppniseftirlitið einnig haft samskipti við aðila sem kunna að verða fyrir áhrifum af samrunanum. Verður vísað til þessara upplýsinga við úrlausn málsins eftir því sem ástæða þykir til.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yfirráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hverju samruni getur falist. Í b. lið 1. mgr. er sagt að þetta geti gerst þegar fyrirtæki tekur yfir annað fyrirtæki. Samkvæmt samrunaskrá hefur að svo stöddu ekki verið tekin ákvörðun um hvort félagin verði sameinuð í félagaréttar- eða



skattaréttarlegum skilningi. HealthCo mun því fyrst um sinn vera rekið sem dótturfélag Fastus.

1. Samrunaaðilar

Í samrunaskrá segir að Fastus sé þjónustufyrirtæki sem stofnað hafi verið árið 2006 og sjái fyrirtækjum og stofnunum á heilbrigðissviði, og í rekstri tengdum matvælum og iðnaði, fyrir tækjum, búnaði og rekstrarvörum. Samkvæmt samþykktum félagsins sé tilgangur félagsins innflutningur, smásala, heildsala og annar verslunarrekstur, fasteignarekstur og lánastarfsemi. Hjá Fastus starfi um 55 starfsmenn og fari starfsemi félagsins eingöngu fram á Íslandi.

Fastus er dótturfélag ÍSAM ehf. ÍSAM eignaðist allt hlutfé í Fastus samkvæmt kauptilboði dags. 2. október 2014, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 37/2014. ÍSAM ehf. er dótturfélag Kristins ehf., sem er hluti af fyrirtækjasamstæðunni Fram ehf. Fram ehf. er í eigu Guðbjargar Magneu Matthíasdóttur. Samkvæmt upplýsingum sem fylgdu samrunatilkynningunni er samstæðan meðal annars aðaleigandi Ísfélags Vestmannaeyja hf. Jafnframt er stór hlutur í rekstrarfélagi Morgunblaðsins hluti af eignum samstæðunnar.

Í samrunaskrá segir um HealthCo að félagið sé þjónustufyrirtæki, stofnað 2008 (áður Á. Hr. ehf.), sem sérhæfi sig í sölu á vörum og þjónustu tengdum þeim á heilbrigðissviði. Félagið sé umboðsaðili fyrir leiðandi framleiðendur lækningatækja. Hjá félaginu starfi fjórir starfsmenn og starfsemi félagsins fari öll fram á Íslandi. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum sé sala á lækningatækjum og öðrum vörum á heilbrigðissviði, rekstur og útleiga fasteigna, svo og lánastarfsemi og skyldur rekstur.

2. Markaðir málsins

Í samrunaskrá segir að samrunaaðilar starfi báðir á markaði fyrir sölu á lækningatækjum í rýmri merkingu. Þá starfi samrunaaðilar einnig á mörkuðum fyrir ígræði, hjúkrunartæki og hjúkrunarvörur.

Samkeppniseftirlitið hefur í ákvörðun nr. 23/2012, *Samruni Veritas Capital hf., Fastus ehf. og Aðalkots ehf.*, sem og í ákvörðun nr. 25/2018, *Samruni Veritas Capital hf. og Stoðar hf.*, fjallað um markaði fyrir lækningatæki í þrengri skilningi, sem skipt var upp í eftirfarandi 11 undirmarkaði:

1. *Endurlífgunartæki*: Tæki til endurlífgunar, s.s. hjartastuðtæki o.fl.
2. *Greiningartæki*: Tæki sem ætluð eru til greiningar á sjúkdómum en eru ekki myndgreiningartæki. Þetta eru tæki til að meta ýmis lífsmörk, s.s. blóðþrýstingsmælar, hjartaritstæki, heilaritstæki, hitamælar og vöðvaritar.
3. *Meðferðartæki*: Til að skýra þennan flokk nánar hefur verið vísað til erlendra heita algengra tækja sem honum tilheyra. Er hér m.a. um að ræða þessi tæki: baby warmer; syringe pump; general purpose infusion pump; infant warmer; CPAP unit; nerve stimulator; automatic external defibrillator; electro-nerve stimulator; positive-airway pressure sleep apnoea treatment unit.
4. *Myndgreiningartæki*: Í þessum flokki eru tæki og fylgibúnaður sem myndar líkamann að innanverðu með geislun til að greina sjúkdóma. Um er að ræða t.d. röntgentæki, tölvusneiðmyndartæki, segulómtæki, ómtæki, gamma



myndavélar o.fl. Þessi flokkur inniheldur einnig myndskoðunarstöðvar til að skoða myndir.

5. *Mælitæki*: Í þessum flokki eru tæki sem ætluð eru til að mæla og stilla ýmsa eiginleika lækningartækja, s.s. lekastraumsmælar, flæðimælar, gaskvörðunartæki súrefnismettunartæki o.fl.
6. *Rannsóknartæki*: Tæki ætluð til að rúma, meðhöndla, vinna úr, mæla, prófa og bera kennsl á klínísk sýni til greiningar á sjúkdómum. Þetta eru t.d. smásjár, skilvindur, veiruskimunartæki, kæliskápar, hitablokkir, pípettur, ónæmisgreinar, sýnafrystar o.fl.
7. *Skurðstofutæki*: Tæki ætluð til notkunar á skurðstofum, s.s. speglunartæki, kvíðsjár, skurðborð, rafskurðtæki, lungnavélar, reyksogtæki o.fl.
8. *Svæfingartæki*
9. *Tölvubúnaður*
10. *Vöktunartæki*: Tæki til að vakta lífsmörk sjúklings stöðugt og til að fylgjast með breytingum á ástandi hans. Er þetta tæki eins og sjúklingaeftirlitsbúnaður, súrefnismettunarmælar, öndunarmælar o.fl.
11. *Önnur tæki*: Önnur lækningartæki en þau sem falla í framangreinda flokka. Getur verið um ýmis tæki að ræða sem eftir atvikum geta verið nokkuð sérhæfð og ólík hvert öðru.

Samrunaaðilar telja sig starfa á ofangreindum mörkuðum, auk eftirfarandi markaða sem skilgreindir hafi verið sem sjálfstæðir markaðir af Samkeppniseftirlitinu:

Ígræðimarkaður: Með ígræði er átt við lækningavöru sem er komið fyrir innan í líkama sjúklings með skurðaðgerð og er ætlað að hafa ákveðna virkni. Í flokk ígræðis falla bæklunarígræði s.s. gerviliðir og gervimjaðmir, skrúfur og plötur til beinaviðgerða, hjartagangráðar og bjargráðar.

Hjúkrunartækjamarkaður: Með hjúkrunartækjum er átt við hjólastóla, sjúkrarúm, sjúkralyftur og önnur stærri tæki sem notuð eru við hjúkrun sjúklinga.

Hjúkrunarvörur: Með hjúkrunarvörum er átt við ýmsar vörur sem notaðar eru við hjúkrun sjúklinga, s.s. þvagleggi, hanska, yfir- og undirbreiðslur, bleiur, sprautur, nálar, gifsvörur, sárabindi, o.fl.

Samkvæmt samrunaskrá starfar HealthCo ekki á öðrum mörkuðum en þeim sem þegar hafa verið upp taldir. Fastus starfi hins vegar einnig á markaði fyrir stoðtæki og á markaði fyrir sölu á rannsóknarvörum utan heilbrigðisstofnana og markaði fyrir sölu á tækjum og búnaði fyrir tannlækna. Auk þess að starfa á heilbrigðissviði selji Fastus tæki, búnað og rekstrarvörur fyrir hótél- og veitingamarkaðinn. Starfsemi félagsins megí í grófum dráttum skipta í þrennt:

1. *Heilbrigðissvið*, sem býður upp á ýmsar vörur fyrir sjúkrahús, heilbrigðisstofnanir, Sjúkratryggingar Íslands, dvalar- og hjúkrunarheimili, rannsóknarstofur og einstaklinga;
2. *Fyrirtækjasvið*, sem sinnir þjónustu við ýmsan iðnað svo sem stóreldhús, mótuneyti, veitingahús, hótél, þvottahús og matvælafyrirtæki; og



3. Tækni- og þjónustusvið, sem sinnir viðgerða- og varahlutabjónustu auk viðhalds á þeim vörum sem félagið býður.

Í ljósi niðurstöðu málsins telur Samkeppniseftirlitið ekki þörf á því að fjalla nánar um skilgreiningu markaða málsins og að nægilegt sé styðjast við framangreinda skilgreiningu samrunaaðila á vöru- og þjónustumarkaði málsins, sem og á landfræðilegum markaði málsins, þ.e. að markaður málsins sé Ísland.

3. Staða samrunaaðila á mörkuðum málsins

Um áætlaða heildarstærð og markaðshlutdeild samrunaaðila á mörkuðum þar sem áhrifa samrunans gætir, vísa samrunaaðilar í samrunatilkynningu til upplýsinga sem lágu fyrir við ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 25/2018 og samrunaaðilar kváðust hafa haft til hliðsjónar. Samkvæmt þeim upplýsingum var talið að stærð lækningatækjamarkaðar í þrengri skilningi hafi verið 3.800 m.kr. árið 2015, 3.500 m.kr. árið 2016 og 4.500 m.kr. árið 2017. Samrunaaðilar kveðast ekki hafa nákvæmari upplýsingar um stærð markaðarins og að þeim hafi reynst erfitt að áætla nákvæma stærð einstakra undirmarkaða t.a.m. með opinberum gögnum. Við mat á markaðshlutdeild einstakra aðila á lækningatækjamarkaði í þrengri skilningi s.l. ár horfðu samrunaaðilar því til framangreindra upplýsinga úr máli nr. 25/2018 og áætluðu að hlutdeild markaðsaðila hafi ekki breyst á milli áranna 2017 og 2018.

Á grundvelli framangreindra upplýsinga, að teknu tilliti til framsetningar þeirra í samrunaskrá Fastus og HealthCo og þeirra skekkjumarkaða sem þar eru sett fram, kemur eftirfarandi í ljós: Á heildarmarkaði fyrir lækningatæki í þrengri merkingu telja samrunaaðilar sig hafa á milli []% hlutdeild. Á undirmarkaðnum fyrir endurlífgunartæki hafi HealthCo um []% markaðshlutdeild og Fastus []%. Er þessi markaður því einn þeirra markaða þar sem samrunaaðilar munu hafa hvað hæsta markaðshlutdeild, eða allt að []%. Á markaði með myndgreiningartæki gerir samrunaskrá grein fyrir því að samrunaaðilar muni fara með um það bil []% markaðshlutdeild. Á ígræðimarkaði muni samrunaaðilar fara með um það bil []% markaðshlutdeild. Að undanskildum mörkuðum með svæfingartæki og vöktunartæki (n.t.t. öndunarvélar) sbr. nánari umfjöllun hér að neðan, virðist samruni Fastus og HealthCo ekki hafa veruleg áhrif m.t.t. samþjöppunar eða aukinnar markaðshlutdeildar.

Samkeppniseftirlitið leitaði umsagna aðila sem kunna að verða fyrir áhrifum af samruna Fastus og HealthCo. Var þar bæði um að ræða keppinauta sem og viðskiptavinum samrunaaðila. Var m.a. óskað eftir afstöðu til samrunans, m.t.t. áhrifa hans á þeim mörkuðum sem tilgreindir voru í samrunaskrá. Niðurstaða þeirrar umleitunar leiddi í ljós að ástæða þótti til að taka til nánari athugunar áhrif samrunans á annars vegar markaði fyrir vöktunartæki, n.t.t. öndunarvélar og hins vegar áhrif á markaði með svæfingartæki. Ekki þótti ástæða til þess að rannsaka frekar áhrif samrunans á undirmarkaðnum fyrir endurlífgunartæki. Var því leitað upplýsinga, frá samrunaaðilum og helstu keppinautum, um sölu á öndunarvélum og svæfingartækjum. Báðir þessir vöruflokkar einkennast af því að opinberar sjúkrastofnanir eru helstu kaupendur. Fara þau kaup að jafnaði fram með útboði. Á mörkuðum sem einkennast af því að stærsti einstaki kaupandi efnir til útboðs til fleiri ára þarf að hafa í huga að hlutdeild liðinna ára endurspeglar ekki alltaf stöðu aðila á viðkomandi markaði. Ástæða þess er m.a. sú að sá aðili sem verður hlutskarpastur í útboðinu nær eðli máls samkvæmt hárrí hlutdeild fram að næsta útboði. Má þar nefna að



árið 2013 fór fram útboð á svæfingartækjum og var HealthCo hlutskarpasti aðilinn í því útboði. Hefur fyrirtækið því haft með höndum meginhluta af sölu svæfingartækja á árunum 2015-2018. Heildarsala á ársgrundvelli á árunum 2015 til 2018 reyndist vera á bilinu [] m.kr.

Af framangreindum ástæðum var leitað til stærsta einstaka kaupanda á bæði öndunarvélum og svæfingartækjum, Landspítala Háskólasjúkrahúss (Landspítala), til að veita upplýsingar um stöðu samrunaaðila á umræddum mörkuðum. Í svörum Landspítala kom í ljós að á haustmánuðum 2018 fór fram kynning á fyrirhuguðu útboði Landspítala á kaupum á öndunarvélum. Fimm aðilar tóku þátt í umræddum kynningarfundum og samkvæmt upplýsingum frá Landspítala eru umræddir aðilar allir umboðsaðilar fyrir virta og áreiðanlega erlenda framleiðendur öndunarvéla, þ.e.a.s. [¹], [²], [³], [⁴] og [⁵]. Ber þó að nefna að af þeim fimm aðilum sem sóttu umræddan kynningarfund, voru tveir af þeim Fastus og HealthCo. Því er ljóst að samruni Fastus og HealthCo mun, að öllu öðru óbreyttu, fækka væntanlegum keppinautum í útboði þessu úr fimm í fjóra.⁶ Í ljósi þess að samrunaaðilar hafa umboð fyrir tvö virt vörumerki og keppinautar þeirra teljast jafnframt hafa virt og áreiðanleg vörumerki, má ætla að samrunaaðilum verði veitt samkeppnislegt aðhald í fyrirhuguðu útboði á öndunarvélum.

Svo sem að framan greinir, fór fram útboð á svæfingartækjum árið 2013. Að teknu tilliti til upplýsinga um endingartíma svæfingartækja, skv. upplýsingum frá Landspítala og þess að fyrirhugað er að á næstu árum verði ráðist í framkvæmdir við endurnýjun húsnæðis Landspítala, má áætla að senn líði að útboði á svæfingartækjum. Samkvæmt Landspítala er [] við [] því [] búist [] að [] [⁷]. Má því búast við því að a.m.k. [⁸] muni hafa hug á að taka þátt í slíku útboði.⁹

III.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

¹ [Fellt út vegna trúnaðar]

² [Fellt út vegna trúnaðar]

³ [Fellt út vegna trúnaðar]

⁴ [Fellt út vegna trúnaðar]

⁵ [Fellt út vegna trúnaðar]

⁶ Ekki er útilokað að fleiri tilboð munu berast en fleiri framleiðendur á heimsvísu bjóða upp á öndunarvélar.

⁷ [Fellt út vegna trúnaðar]

⁸ [Fellt út vegna trúnaðar]

⁹ Ekki er útilokað að fleiri tilboð munu berast en fleiri framleiðendur á heimsvísu bjóða upp á svæfingartæki.



Í þessu máli er um að ræða samruna fyrirtækja sem starfa að nokkru leyti til á sömu eða tengdum mörkuðum og fer starfsemi þeirra fram á landinu öllu. Markaðir fyrir öndunarvélar og svæfingatæki voru teknir til sérstakrar skoðunar, sbr. nánari umfjöllun í kafla II. 3.

Að gögnum málsins virtum er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samruni Fastus og HealthCo leiði ekki til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að samkeppni verði raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna, s.s. með íhlutun í formi ógildingar eða setningu skilyrða.

IV

Ákvörðunarorð

Kaup Fastus ehf. á öllum eignarhlutum í HealthCo ehf. felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson